

22. Ársþing KAÍ, 14. mars 2009

EFNISYFIRLIT

Stjórn KAÍ 2008 - 2009:.....	2
SKÝRSLA STJÓRNAR.....	3
Frá formanni.....	3
Karatedagurinn 2008.	4
Frábær árangur á Opna Skandinavíska mótinu í Osló.....	4
Karateþing 2008.....	6
Ferð á Sænska bikarmótið í kata 2008.....	6
Danska meistaramótið í karate 2008.....	7
Dómaranámskeið í kumite.....	7
Irish Karate Grand Prix 2008.	8
Norðurlandameistaramótið í karate 2008.	9
Evrópumeistaramótið í karate 2008.....	11
Gunnlaugur Sigurðsson fær aukin dómararéttindi EKF.....	12
Æfingabúðir með Sveinung Byberg.	13
Frábær árangur á Banzai Cup.....	14
Tveir nýir dómarar í Kumite.	14
Bloggsíða Ara og Andra vegna HM í Japan.	14
Dómaranámskeið í kata á vegum KAÍ.	15
Karatemaður og -kona ársins 2008.	15
NEFNDIR.....	17
Aganefnd.....	17
Dómaranefnd.....	17
Landsliðsnefnd.....	17
Mótanefnd.....	17
MÓT Á ÁRINU 2008.....	18
Íslandsmeistaramót barna 2008 í Kata.....	18
Íslandsmeistaramót unglunga í Kata 2008.	19
Íslandsmeistaramót í Kata 2008.....	21
Norðurlandameistaramótið í karate 2008.	23
Íslandsmeistaramót unglunga í kumite 2008.	24
Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite 2008.....	26
Bikarmótaröð KAÍ 2007-2008.....	28
Úrslit úr GrandPrix mótaröðinni 2007 - 2008.....	29
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.....	31
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	33
REGLUGERÐIR.....	36
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.....	36
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.....	40
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.	41
REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	41
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.	43
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	43
REKSTRARREIKNINGUR 1/1/2008 - 31/12/2008.....	44
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2008.....	46

Stjórn KAÍ 2008 - 2009:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Gunnlaugur Sigurðsson	vara-formaður
Willem Cornelius Verheul	gjaldkeri
Jón Ingi Þorvaldsson	ritari
Halldór Svavarsson	Meðstjórnandi
Anna Birna Rögnvaldsdóttir	varamaður
Indriði Jónsson	varamaður
Guðni Már Egilsson	varamaður

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá formanni.

Árið 2008 verður lengi í minnum haft sem ár breytinga og átaka á Íslandi. Karatesambandið fór ekki varhluta af þeim breytingum. Við höfum ekki haft marga styrktaraðila í gegnum árin og því kom fjármálakreppan ekki eins illa við okkur og mörg önnur sérsambönd. Þó hefur allur kostnaður við erlend samskipti aukist vegna fallst íslensku krónunnar á árinu. Mun stjórn sambandsins því einbeita sér að því að halda innlendu starfi sem næst óbreyttu á næsta ári en draga eitthvað úr keppnisferðum erlendis í sparnaðarskyni.

Árið hófst á undirbúningi fyrir Norðurlandamótið í karate sem við höfðum tekið að okkur að halda hér á landi 12. apríl. Mótið tókst í alla staði vel og árangur íslensku keppendanna nokkuð góður. Rétt er að þakka Indriða Jónssyni, framkvæmdastjóra mótsins, fyrir vel unnin störf, auk allra sjálfboðaliðanna sem komu að mótinu.

Kvöldið fyrir mótið var Norræna karatesambandið stofnað af Norðurlöndunum fimm auk Eistlands sem var boðið að vera með. Stefnt er að því að bjóða Lettum og Litháum að ganga í sambandið á næstu árum. Allir formenn landssambandanna lýstu yfir vilja sínum um að gera Norðurlandameistaramótið að virtu og eftirsóttu móti fyrir keppendur landanna með því að senda bestu keppendur sína á mótið í framtíðinni. Bindum við miklar vonir við að aukið samstarf og samvinna Norðurlandþjóðanna auk Eystrasaltsþjóðanna muni efla karateíþróttina.

Landsliðsnefndin hefur haldið úti öflugum æfingaprógrammi á árinu bæði í kata og kumite. Hefur hún fengið Norðmanninn Sveinung Byberg til landsins til að þjálfar í kumite og nú um síðustu áramót var gerður samningur við Danann Lars Henriksen um að sjá um þjálfun í kata fram yfir NM 2009.

Ég vil að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum fyrir góð störf á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinhard Reinhardsson
Formaður KAÍ

Karatedagurinn 2008.

Karatedagurinn 2008 var haldinn sunnudaginn 13. janúar 2008 í Íþróttahúsi Breiðabliks, Smáranum, Kópavogi og hófst kl. 12.00.

Þrjár 50 mínútna æfingar voru fyrir hvern hóp en iðkendendum var skipt í þrjá hópa eftir gráðu. Nokkrir af reynslumestu karateþjálfarar landsins sáu um æfingarnar. Halldór Svavarsson, 4. Dan Goju Ryu, Einar Hagen, 4. Dan Shotokan, Gunnlaugur Sigurðsson, 3. Dan Shotokan, Ólafur Helgi Hreinsson, 3. Dan Goju Ryu og Birkir Jónsson, 2. Dan Shotokan. Rúmlega 50 iðkendur tóku þátt í æfingunum og skemmtu sér hið besta.

Á eftir bauð Karatesambandið upp á léttar veitingar.



Þátttakendur á Karatedeginum og þjálfararnir í fremstu röð.

Frábær árangur á Opna Skandinavíska mótinu í Osló.

Það var fjör í Bygdöhus í Osló á laugardaginn en þar fór fram opna Skandinavíska meistaramótið í karate. Keppt var í kata, hópkata, kumite og kumiteliðakeppni. Íslensku keppendurnir voru 32 talsins af 368 keppendum á mótinu sem komu frá 18 þjóðlöndum. Keppendurnir komu heim með 4 silfur og 10 brons frá mótinu.

Ferðin þótti heppnast vel í alla staði og krakkarnir ánægðir með að taka þátt í móti á erlendri grundu en bara að mæta á staðinn, keppa á móti keppendum frá öðrum löndum, verandi með erlenda dómara og allt sem þessu fylgir. Ásamt því að horfa á þá allra bestu er auðvitað frábær reynsla í sarpinn og verður gaman að fylgjast með þeim taka þátt í næstu mótum hér heima með þetta veganesti.

Við sem fórum með vorum stolt af keppendum öllum sem einum og það veitti okkur innblástur að sjá þau leysa hverja þrautina svo vel að þjóðemisstoltið fór á fulla ferð! Til hamingju með árangurinn öll sömul!

Karatesamband Íslands



Keppendurnir við komuna í Leifstöð eftir mótið.

Þeir sem unnu til verðlauna :

Kumite Gutter -50kg:

3. Jovan Kujundzic, Island

Kumite Gutter +50kg:

3. Gudni Petursson, Island

Kumite Jenter -54kg:

2. Telma Frimansdottir, Island

3. Johanna Brynjarsdottir, Island

Kumite Gutter -52kg:

2. Ragnar Eyþórsson, Island

3. Kristján Carasco, Island

Kumite Gutter -63kg:

3. Eggert Arnason, Island

Kumite Gutter -70kg:

2. Bergþor Geirsson, Island

3. Snæbjörn Olafsson, Island

Kumite Herrer -68kg:

2. Arnor Sigurdsson, Island

Kumite Damer +61kg:

3. Gudrun Oskarsdottir, Island

Kumite Herrer -75kg:

3. Gudbjartur Asgeirsson, Island

Kumitelag Jenter:

3. Island

Kumitelag Gutter:

3. Island

Karateþing 2008.

21. Karateþing var haldið laugardaginn 9. febrúar í Fundarsal D, 3ju hæð Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 10.15. Sigríður Jónsdóttir, var fulltrúi framkvæmdastjórnar ÍSÍ á þinginu og ávarpaði þingheim og færði þingfulltrúum bestu kveðjur frá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn.

Ekki var um átakþing að ræða en nokkrar reglugerðarbreytingar voru ræddar á þinginu og þeim síðan vísað til nýrrar stjórnar til að fylgja eftir.

Helst má nefna breytingar á þyngdarflokkum í kumite karla og kvenna sem munu taka gildi næsta haust og einnig munu nú kadett og junior flokkar verða 14-15 ára og 16-17 ára til samræmis við breytingar sem WKF hefur samþykkt.

Einnig var því beint til stjórnar að halda GrandPrix og Bikarmót sama dag næsta keppnistímabil svo hægt verði að fækka keppnisdögum og samnýta aðstöðu og annað sem til þarf.

Reinhard Reinhardsson var kosinn formaður í þriðja sinn og tveir nýir menn voru kjörnir í stjórn, þeir Jón Ingi Þorvaldsson og Willem Cornelis Verheul. Tveir nýir varamenn komi einnig í stjórnina, þau Guðni Már Egilsson og Anna Birna Rögnvaldsdóttir.

Ferð á Sænska bikarmótið í kata 2008.

Íslendingar fengu alls 11 verðlaun, 3 gull, 5 silfur og 3 brons, á "Svenska kata pokalen 2008" (Sænska bikarmótinu í kata).



Hópurinn sem tók þátt í mótinu við komuna til Svíþjóðar.

Gull:

Magnús Kr. Eyjólfsson (Breiðablik) 35-39 ára karlar.

Hópkatalið konur - Björg Jónsdóttir (Breiðablik), Ása Katrín Bjarnadóttir (KAK) og Hekla Helgadóttir (Þórshamar).

Hópkatalið stúlkur 15-17 ára - Aðalheiður Rósa Harðardóttir (KAK), Dagný Björk Egilsdóttir (KAK) og Diljá Guðmundsdóttir (Þórshamar).

Silfur:

Ernir Guðnason - 10 ára strákar.

Aðalheiður Rósa Harðardóttir (KAK) - 15 ára stúlkur.

Hekla Helgadóttir (Þórshamar) - konur 1-3 kyu.

Einar Hagen (Breiðablik) 35-39 ára karlar.

Hópkatalið karla - Helgi Jóhannesson (Breiðablik), Magnús Kr. Eyjólfsson (Breiðablik), Tómas Lee Róbertsson (Þórshamar).

Brons:

Svana Katla Þorsteinsdóttir (Breiðablik) - stelpur 14 ára.

Kristin Magnúsdóttir (Breiðablik) - stelpur 14 ára.

Aron Þór Ragnarsson (Þórshamar) - piltar 15 ára.

Aðrir stóðu sig frábærlega líka og voru Íslandi til sóma. Alls voru 22 keppendur frá Íslandi á mótinu, en heildarfjöldi keppenda var yfir fimmhundruð talsins!

Danska meistaramótið í karate 2008.

Danska meistaramótið í karate 2008 fór fram 9. mars og tóku þeir Ari Sverrisson og Andri Sveinsson, landsliðsmenn í íslenska kumitelandslíðinu, þátt í mótinu.

Þeir unnu báðir til bronsverðlauna, Ari í -75 kg flokki og Andri í -80 kg flokki.



Vinningshafarnir í lok Danska meistaramótsins.

Dómaranámskeið í kumite.

Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í kumite laugardaginn 22. mars kl. 9.00 - 14.00. Fyrri hluti námskeiðsins fór fram í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, þ.e. kynning á reglum WKF og skriflegt próf. Seinni hlutinn var verklegur, í samvinnu við landsliðshópinn og fer fram í æfingasal Þórshamars, Brautarholti 22. Reinharð Reinharðsson og Gunnlaugur Sigurðsson sáu um námskeiðið.



Þátttakendur á námskeiðinu að undirbúa sig fyrir skriflega prófið.

18 dómaraefni sóttu námskeiðið og 14 þeirra tóku einnig þátt í verklega þættinum. 3 dómamar náðu að auka við réttindi sín og 6 nýir fengu sín fyrstu réttindi.

Aukin réttindi:

Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamra
Kristján Gaukur Kristjánsson, Fjölnir
Willem Cornelis Verheul, Fjölnir

Nýir dómara:

Ásgeir H. Ásgeirsson, Haukar
Birkir Jónsson, Þórshamar
Eva Lind Ágústsdóttir, Haukar
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukar
Kristján Ó. Davíðsson, Haukar
Pálmar Dan Einarsson, Haukar

Irish Karate Grand Prix 2008.

Þrír keppendur frá Íslandi taka þátt í Opna Írska Grand Prix mótinu í Karate 29. og 30 mars. Þeir Andri Sveinsson, Ari Sverrisson og Guðbjartur Ísak Ásgeirsson en mótið er liður í undirbúningi þeirra fyrir Norðurlandameistaramótið í Karate sem haldið verður 12. apríl í Reykjavík.

Þeir munu keppa í þýndarflokkum, opnum flokki og í liðakeppni með nokkrum Dönnum sem fylla liðið.

Að loknum einstaklingskeppninni laugardaginn 29. er Guðbjartur Ísak búinn að vinna til silfurverðlauna í -70 kg flokki juniora, 18 - 21 árs og lenti í 5-6 sæti í -70 kg flokki. Ari Sverrisson náði silfri í opna flokknum í kumite og bronsi í +70 kg flokki.



Jón Ingi, Ari, Andri, Guðbjartur Ísak að loknum fyrri degi.

Norðurlandameistaramótið í karate 2008.

Norðurlandameistaramótið í karate 2008 fór fram í Laugardalshöllinni, laugardaginn 12. apríl. Mótið hófst kl. 10.00 og lauk rúmlega 18. Um 50 keppendur tóku þátt í mótinu og þar af voru 13 Íslendingar. 8 dómara frá Íslandi dæmdu á mótinu og 14 komu frá hinum norðurlöndunum. Þrír íslendingar unnu til verðlauna, þau Hekla Helgadóttir í kata, Ari Sverrisson í -75 kg flokki og Andri Sveinsson í -80 kg flokki í kumite.

Mótsstjóri var Indriði Jónsson og fær hann kærar þakkar fyrir vel undirbúið og skipulagt mót. Einnig fá allir sem gáfu vinnu sína á mótinu og við undirbúningin þakkar frá stjórn KAÍ.





Landslið Íslands auk þjálfara og formanns KAÍ. Á myndina vantar Ara og Andra.

Keppendur í kata:

Magnús Eyjólfsson; 37 ára, Breiðablik. Gull í kata 35-39 ára á Sænska bikarmeistaramótinu 2008, Silfur í hópkata karla á Sænska bikarmeistaramótinu 2008, Íslandsmeistari í hópkata 2007.

Pathipan Kristjánsson; 17 ára, Fjölnir. Íslandsmeistari í kata 2008.

Tómas Lee Tómasson; 22 ára, Þórshamar. Bikarmeistari í karate 2008, Silfur í einstaklingskata á Íslandsmeistaramótinu 2008, Brons í hópkata á Íslandsmeistaramótinu í kata 2008, silfur í hópkata karla á Sænska bikarmeistaramótinu 2008.

Ása Katrín Bjarnadóttir; 18 ára, Karatefélag Akranes. Gull í hópkata kvenna á Sænska bikarmeistaramótinu 2008, Silfur í hópkata á Íslandsmeistaramótinu 2008, Brons í -60kg flokki kvenna á Íslandsmeistaramótinu í kumite 2007.

Hekla Helgadóttir; 17 ára, Þórshamar. Tvöfaldur Íslandsmeistari í kata 2008 (einstaklings, lið), Tvöfaldur unglíngameistari í kata 2008 (einstaklings, lið), Bikarmeistari í karate 2008, Gull í hópkata kvenna á Sænska bikarmeistaramótinu 2008, Silfur í kata brúnbelta á Sænska bikarmeistaramótinu 2008, Silfur í -60kg flokki kvenna á Íslandsmeistaramótinu í kumite 2007.

Ragna Kjartansdóttir; 27 ára, Þórshamar. Íslandsmeistari í hópkata 2008, Silfur í einstaklingskata á Íslandsmeistaramótinu 2008, tvöfaldur íslandsmeistari í kata 2007 (einstaklings, lið).

Keppendur í kumite:

Karatesamband Íslands

Guðrún Óskarsdóttir; 19 ára, Breiðablik. Tvöfaldur Íslandsmeistari í kumite 2007 (+60kg, sveit), Brons í opnum flokki kvenna á Íslandsmeistaramótinu í kumite 2007, Brons í kumite kvenna +61kg á opna skandinavíska meistaramótinu 2008

Björg Jónsdóttir; 19 ára, Breiðablik. Íslandsmeistari í kumite 2007 (sveit), Silfur í +60kg flokki kvenna á Íslandsmeistaramótinu í kumite 2007, Silfur í kumite opnum flokki kvenna á Íslandsmeistaramótinu 2007. Gull í hópkata kvenna á Sænska bikarmeistaramótinu 2008.

Helena Montazeri; 19 ára, Víkingur. Tvöfaldur Íslandsmeistari í kumite 2007 (-60kg og opinn flokkur). Grand Prix meistari unglínga í kumite 2007. Bikarmeistari kvenna í karate 2007. Karatekona ársins 2007.

Ari Sverrisson; 25 ára, Haukar. Íslandsmeistari í liðakeppni í kumite og silfur í -80kg. flokki á ÍM í kumite 2007. Sigurvegari á Jyske Mesterskaber í -75kg flokki 2007 og sigurvegari í -75kg. flokki á Danmerkurmeistaramótinu 2006.

Andri Sveinsson; 24 ára, Fylkir. Tvöfaldur Íslandsmeistari í kumite 2007 (-80kg. og opinn flokkur). Silfur á Jyske Mesterskaber í -80kg. flokki 2007. Karatemaður ársins 2006.

Kristján Ó. Davíðsson; 21 árs, Haukar. Íslandsmeistari í liðakeppni í kumite 2007, brons í opnum flokki á Íslandsmestaramótinu í kumite 2007. Íslandsmeistari í liðakeppni í kata 2008.

Guðbjartur Ísak Ásgeirsson; 18 ára, Haukar. Bikarmeistari karla í karate 2007. Tvöfaldur Íslandsmeistari í kumite 2007 (-70kg. flokkur og lið) og silfur í opnum flokki í kumite á Íslandsmeistaramótinu 2007. Grand Prix meistari unglínga 2007. Karatemaður ársins 2007.

Evrópumeistaramótið í karate 2008.

EM 2008 fór fram í Tallinn, Eistlandi, dagana 2. - 4. maí. Einn keppandi tók þátt frá Íslandi, landsliðsmaðurinn Andri Sveinsson sem keppti bæði í -80 kg flokki og opnum flokki í kumite. Honum til aðstoðar var Jón Ingi Þorvaldsson þjálfari.

Andri keppti fyrst í -80 kg flokki og tapaði í fyrsta bardaga fyrir Serbanum Bitavic 1-5. Sá keppti til úrslita en tapaði úrslitaviðureigninni og hreppti því silfur í flokknum. Andri fékk því uppreisnarglímu við Austurríkismanninn Schell en tapaði fyrir honum 0-1.

Seinni daginn fór fram keppni í opnum flokki og keppti Andri við Norðmanninn Lars Berrum í fyrstu viðureign og tapaði 4-0 fyrir honum. Lars vann tvo næstu bardaga en tapaði síðan fyrir Hollendingi þannig að Andri fékk ekki fleiri viðureignir á mótinu.



Jón Ingi og Andri við upphaf mótsins.

Gunnlaugur Sigurðsson fær aukin dómarréttindi EKF.

Gunnlaugar Sigurðsson, 3. Dan Haukum, tók þátt í dómaraámskeiði EKF um 15. júní í Maribor, Slóveníu og stóðst bæði Judge-B réttindi í kumite og hækkaði sig upp í Judge-A réttindi í kata. Hann er nú með hæstu réttindi Íslendinga í kata og annar í röðinni með kumite réttindi útgefin af EKF.



Æfingabúðir með Sveinung Byberg.

Helgina 21.-23. nóvember fáum við norsku kempuna Sveinung Byberg aftur í heimsókn en hann kom hingað og hélt æfingabúðir í fyrsta sinn í ágúst sl.

Dagskrá helgarinnar verður eftirfarandi:

Föstudagur 21. nóv. kl. 19:30-21:00 (KFR, Laugardal)
Laugardagur 22. nóv. kl. 10:00-16:00 (KFR, Laugardal)
Sunnudagur 23. nóv. kl. 10:00-12:00 (Þórshamar)



Frábær árangur á Banzai Cup.

20 keppendur frá Íslandi tóku þátt í opna þýzka mótinu Banzai Cup sem haldið var í Berlin um helgina. Hópurinn var frá fjórum félögum, Þórshamri, Breiðablik, Fylki og Haukum.

Hekla Helgadóttir vann til gullverðlauna í kata í flokki unglunga 18 ára og yngri. Hún var einnig í kumiteliði með þeim Kirsten úr Þórshamri og Jóhönnu úr Fylki. Jóhanna vann auk þess til bronzverðlauna í sínum flokki í kumite.

Á myndinni má sjá stúlknaðið okkar í kumite, skipað þeim Heklu, Kirsten og Jóhönnu. Við óskum öllum hópnum til hamingju með góðan árangur!



Jóhanna, Hekla og Kirsten með bronzverðlaunin.

Tveir nýir dómarar í Kumite.

Karatesambandið gekkst fyrir dómaranámskeiði í kumite helgina 18. og 19. október og tóku 10 manns þátt í námskeiðinu. Var fyrri hlutinn haldinn laugardaginn 18. október í húsakynnum ÍSÍ þar sem haldinn var fyrirlestur um keppnisreglur WKF og síðan haldið skriflegt próf úr reglum. Seinni hlutinn fór fram á ÍM unglunga í kumite þar sem þátttakendur fengu að taka þátt í dómgæslunni á mótinu undir eftirliti dómaranefndarinnar.

Tveir náðu bæði skriflega og verklega hlutanum og fengu dómararéttindi frá KAÍ.

Jón Andri Sigurðsson Breiðablik Judge-A
Pétur Freyr Ragnarsson Fylkir Judge-B

Bloggsíða Ara og Andra vegna HM í Japan.

Ari og Andri eru komnir með bloggsíðu vegna keppnisferðar sinnar á HM í karate í Japan 13. - 16. nóvember. www.andriogaritiljapans.blogcentral.is. Þar er hægt að fylgjast með ferðum þeirra og veita þeim stuðning.



Ari og Andri fyrir framan íþróttahöllina í Tokyo.

Þá er heimsmeistaramótinu í karate í Tokyo 2008 hér með formlega lokið. Því miður getur Íslands ekki stært sig af neinum heimsmeistara næstu 2 árin. Ari byrjaði að keppa í -75 kg í morgun og mætti þar í fyrsta bardaga Englendingi. Englendingur var ansi sprækur og bar sigur úr þítum með 4 stig á mót 0 stigum Ara. Það hefði annars verið gaman að sigra Englendinga í miðjum milliríkjadeilum.

Síðan keppti ég (Andri) kl. 12 á hádegi. Þar mætti ég Taívan í fyrsta bardaga og bar þar sigur úr þítum með dómaraúrskurði þar sem staðan var 0-0 eftir venjulegan tíma plús framlengingu. Í öðrum bardaga mætti ég sprækum strák frá Kazakstan (held sé skrifað rétt) og var hann töluvert betri en ég í þetta skiptið og vann hann mig 8-0 30 sekúndum fyrir tíma.

Dómaranámskeið í kata á vegum KAÍ.

Karatesambandið hélt dómaranámskeið í kata dagana 15. og 16. nóvember. Námskeiðið var haldið í æfingasal Breiðabliks, Smáranum, Kópavogi.

Einn dómari jók við réttindi sín, Sigurbjörn Jónsson, Haukum, A-dómari.

Tveir nýjir dómarar fengu dómara réttindi frá KAÍ:

Ágústa R. Andrésdóttir, KAK, B-dómari.

Matthías B. Matthíasson, KFR, B-dómari.

Karatemaður og -kona ársins 2008.

Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukum og Hekla Helgadóttir, Þórshamri voru valin karatemaður og karatekona ársins 2008.



Guðbjartur Ísak tók þátt í alþjóðlegum mótum erlendis og hefur náð góðum árangri í sínum flokki. Einnig keppti hann á mótum innlands og stóð sig vel.

Helsti árangur Guðbjarts Ísaks á árinu:

- Gullverðlaun á Opna Írska Grand Prix -70 kg 18-21 ára
- Bronsverðlaun á Opna Skandinavíska meistaramótinu í Osló, Kumite Karla -75 kg flokkur
- Gullverðlaun á Íslandsmeistaramótinu 2008, Karlar -75 kg flokkur
- Bronsverðlaun á Íslandsmeistaramótinu 2008, Karlar Opinn flokkur
- Gullverðlaun í Liðakeppni karla á Íslandsmeistaramótinu 2008

Hekla er ung að árum en hefur náð frammúrskarandi árangri bæði innanlands og erlendis.

Helsti árangur Heklu á árinu:

- Bikarmeistari kvenna 2008
- Íslandsmeistari í kata kvenna
- Íslandsmeistari í hópkata kvenna
- Unglingameistari í sínum flokki í kata
- Unglingameistari í hópkata í sínum flokki
- GrandPrix meistari í sínum flokki í kata
- GrandPrix meistari í sínum flokki í kumite
- Gullverðlaun í hópkata á Kata pokalen í Stokkhólmi í mars 2008
- Bronzverðlaun í kata á Norðurlandameistaramótinu í Reykjavík 2008
- Gullverðlaun í unglingsflokki kvenna á Banzai Cup í Berlín í október 2008
- Silfurverðlaun í kata í flokki brúnbeltinga á Kata pokalen í Stokkhólmi í mars 2008

Óskum við þeim til hamingju.

NEFNDIR

Aganefnd

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Gísli Magnússon

Helgi Jóhannesson

Willem Cornelis Verheul

Varamenn:

Gretar Örn Halldórsson

Guðni Már Egilsson

Vincente Carrasco

Dómaranefnd

Reinharð Reinharðsson - formaður

Helgi Jóhannesson

Gunnlaugur Sigurðsson

Landsliðsnefnd

Jón Ingi Þorvaldsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Eyþór Ragnarsson

Mótanefnd

Þórunn Ýr Elíasdóttir - formaður

Birgir Bachman

Kristinn Ólafsson

Ægir Rafnsson

Haraldur Eyjar

MÓT Á ÁRINU 2008

Íslandsmeistaramót barna 2008 í Kata.

Íslandsmeistaramót barna í kata, var haldið 10. febrúar í Smáranum og hófst kl. 10:00. Keppendur voru um 170 talsins en keppt var í fimm flokkum í kata og þremur flokkum í liðakeppni í hópkata.

Það var Afturelding sem sigraði heildarkeppni félaga með 26 stig en í öðru sæti var Fjölnir með 10 stig. Viðurkenningar dómara fyrir frammistöðu hlutu Eldey Á. A. Sævarsdóttir og Einar Karl Jónsson bæði í Aftureldingu.



Verðlaunahafarnir á ÍM barna í kata 2008.

ÚRSLIT

Kata barna 8 ára og yngri

1. Eldey Á. A. Sævarsdóttir Afturelding
2. Ingunn Jónsdóttir Bjarnason Fylkir
3. Iðunn De Bustos Víkingur

Kata barna 9 ára

1. Drengur Arnar Kristjánsson Fjölnir
2. Lilja Vigdís Davíðsdóttir Fylkir
3. Hugl Álfgeirsson Afturelding

Kata krakka 10 ára

1. Unnar Karl Jónsson Afturelding
2. Díanna Katrín Þorsteinsdóttir Víkingur
3. Ernir Freyr Guðnason Fylkir

Kata krakka 11 ára

1. Einar Karl Jónsson Afturelding
2. Breki Guðmundsson Þórshamar
3. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir

Karatesamband Íslands

Kata krakka 12 ára

1. Askur Tómas Óðinsson Víkingur
2. Magnús Valur Willemsson Fjölnir
3. Harald Sigurvin Þorsteinsson Víkingur

Hópkata barna 8 ára og yngri

1. Eldey, Ingimundur, Hrafnkell Afturelding
2. Friðrik, Viktor, Hjördís Fjölnir
3. Emil, Iðunn, Aron Víkingur

Hópkata barna 9-10 ára

1. Unnar, Jón, Bernhard Afturelding
2. Edda, Ernir, Anton Fylkir
3. Hlynur, Kári, Hugl Afturelding

Hópkata krakka 11-12 ára

1. Karl, Leifur, Davíð Breiðablik
2. Nikulás, Breki, Bogi Þórshamar
3. Einar, Sigríður, Rúnar Afturelding

Heildarstig félaga

Afturelding 26

Fjölnir 10

Víkingur 9

Fylkir 9

Breiðablik 6

Þórshamar 6

KFR 0

Akranes 0

Haukar 0

Íslandsmeistaramót unglunga í Kata 2008.

Íslandsmeistaramót unglunga í KATA fór fram í Íþróttahúsinu Austurbergi í dag. Um 70 keppendur tóku þátt í einstaklingskeppni og 17 hópkatalið. Það var Karatefélag Reykjavíkur sem stóð uppi sem sigurvegarar í heildarstigakeppni félaga með 23 stig. En í öðru sæti var Breiðablik með 20 stig og Þórshamar í þriðja með 14 stig.

Nokkrir einstaklingar sigrðuðu tvöfalt í dag. Þau Jovan Kujundzic, KFR, Birkir Indriðason, Breiðablik, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, Diljá Guðmundardóttir, Þórshamar og Hekla Helgadóttir, Þórshamar voru öll í sigurliðum í hópkata ásamt því að sigra sína flokka í kata.

Mótið tókst vel til og er góður undanfari hóps unglunga og eldri einstaklinga sem eru að fara á sterkt kata-mót í Stokkhólmi um næstu helgi. Þangað fara um 20 keppendur. Verður fróðlegt að fylgjast með árangri okkar fólks þar.



Verðlaunahafarnir að loknu mótinu.

Heildarúrslit

KATA

Kata stráka fæddir 1995

1. Jovan Kujundzic KFR
2. Breki Blær Sigurgeirsson KFR
3. Heiðar Benediktsson Breiðablik
3. Vésteinn Þrymur Ólafsson KFR

Kata stúlkna fæddar 1995

1. Nína Ingólfssdóttir Víkingur
2. Nadía Eir Kristinsdóttir KFR
3. Ragnheiður Árnadóttir Breiðablik
3. Valdís Vilmarsdóttir Þórshamar

Kata stráka fæddir 1994

1. Birkir Indriðason Breiðablik
2. Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir
3. Heiðar Már Þráinsson Fylkir

Kata stúlkna fæddar 1994

1. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik
3. Auður Ósk Einarsdóttir Fjölnir
3. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir KFR

Kata pilta fæddir 1993

1. Kristján Helgi Carrasco Afturelding
2. Eggert Ólafur Árnason Fylkir
3. Elías Snorrason KFR
3. Sverrir Magnússon KFR

Kata stúlkna fæddar 1993

1. Diljá Guðmundardóttir Þórshamar

2. Hafdís Erla Helgadóttir KAK
3. Þórunn Anna Orradóttir Afturelding
3. Valgerður Jóhannsdóttir KAK

Kata pilta fæddir 1991 - 1992

1. Goði Ómarsson KFR
2. Víðir Svanbjörnsson Breiðablik
3. Óli Karló Steinsson Fylkir
3. Snæbjörn Valur Ólafsson KFR

Kata stúlkna fæddar 1991 - 1992

1. Hekla Helgadóttir Þórshamar
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK
3. Heiður Anna Helgadóttir Þórshamar
3. Dagný Björk Egilsdóttir KAK

HÓPKATA

Hópkata táninga fæddir 1994 & 1995

1. Breiðablik A Kristín, Svana, Birkir
2. KFR 1 Vésteinn, Jovan, Breki
3. Fylkir Elías, Jóhannes, Heiðar
3. Breiðablik B Skúli, Halldór, Kári

Hópkata táninga fæddir 1991 – 1993

1. Þórshamar Hekla, Heiður, Diljá
2. KFR 2 Atli, Elías, Sverrir
3. Fylkir 2 Jónas, Bergþór, Gunnhildur
3. KAK 1 Aðalheiður, Dagný, Bergþóra

Heildarstig féлага:

KFR 23
Breiðablik 20
Þórshamar 14
Fylkir 11
KAK 8
Afturelding 4
Víkingur 3
Fjölnir 1

Íslandsmeistaramót í Kata 2008.

Íslandsmeistaramótið í Kata 2008 fór fram laugardaginn 8. mars í Íþróttahúsi Hagaskóla. 19 karlar og 16 konum voru skráðar til keppni í kata og 6 hópkata lið í karla flokki og 5 í kvennaflokki. Nýir Íslandsmeistarar voru krýndir í karla og kvennaflokki, þau Pathipan Kristjánsson, Fjölni og Hekla Helgadóttir, Þórshamri. Lið Hauka varð íslandsmeistari í hópkata karla og lið Þórshamars í hópkata kvenna varði titillinn frá því í fyrra. Þórshamar varð Íslandsmeistari féлага með 15 stig. Helgi Jóhannesson var yfirdómari á mótinu.



Verðlaunahafar á ÍM í kata 2008.

Heildarúrslit úr mótinu:

Kata Karlar

1. sæti Pathipan Kristjánsson Fjölni
2. sæti Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
3. sæti Einar Haagen Breiðablik
3. sæti Goði Ómarsson KFR

Kata Konur

1. sæti Hekla Helgadóttir Þórshamar
2. sæti Ragna Kjartansdóttir Þórshamar
3. sæti Dagný Björk Egilsdóttir KAK
3. sæti Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK

Hópkata Karla.

1. sæti Haukar Guðbjartur Ísak, Kristján og Pálmar
2. sæti KFR Goði, Sigurður og Snæbjörn
3. sæti Þórshamar Tómas Lee, Aron og Malte
3. sæti Breiðabliks Ólafur, Eyþór og Jón.

Hópkata kvenna.

1. sæti Þórshamar Hekla Heiður og Ragna
2. sæti KAK B Eyrún, Bergþóra og Ása Katrin
3. sæti KAK C Guðrún, Ágústa og Helga
3. sæti KAK A Aðalheiður, Dagný og Eydís.

Heildarstig liða.

1. sæti Þórshamar 15 stig
2. sæti KAK 10 stig
3. sæti Haukar 6 stig
4. sæti KFR 5 stig
5. sæti Breiðablik 3 stig
6. sæti Fjölnir 3 stig

Norðurlandameistaramótið í karate 2008.



Andri Sveinsson með blátt.

Heildarúrslit úr mótinu eru:

Kata female senior 5

1. Karin Hägglund Sweden
2. Varaporn Poorisriak Denmark
3. Hekla Helgadóttir Iceland

Kata male senior 7

1. Georgios Laine Sweden
2. Pasi Hirvonen Finland
3. Kenny Rasmussen Denmark
3. Alexander Egeberg Denmark

Kumite female senior: -60kg 7

1. Gülsah Akdag Sweden
2. Mathilde Klint Denmark
3. Nina Sipari Finland
3. Maria Pirttinen Finland

Kumite female senior: +60kg 5

1. Caroline Thomassen Norway
2. Joanna Stassos Sweden
3. Laura Wood Finland

Kumite female senior: open 12

1. Mathilde Klint Denmark
2. Isabelle Aguilera Norway
3. Joanna Stassos Sweden
3. Caroline Thomassen Norway

Kumite male senior: -70kg 6

1. Eki Luukka Finland
2. Mahmoud Amgad Finland
3. Peter Jumrukovski Sweden
3. Nicki Gean Lefevre Danmörk

Kumite male senior: -75kg 6

1. Jarno Heino Finland
2. Steffen Larsen Norway
3. Kalate Akolor Sweden
3. Ari Sverrisson Iceland

Kumite male senior: -80kg 3

1. Christian Koivumaa Sweden
2. Blaird Amagjekaj Sweden
3. Andri Sveinsson Iceland

Kumite male senior: +80kg 6

1. Lars Berrum Norway
2. Arik Amrovn Norway
3. Alexander Subosic Sweden
3. Geir Magne Brastad Norway

Kumite male senior:open 19

1. Geir Magne Brastad Norway
2. Eki Luukka Finland
3. Peter Jumrukovski Sweden
3. Christian Koivumaa Sweden

Kumite female team 5

1. Finland Nina, Laura, Maria
2. Sweden Joanna, Gulsah
3. Denmark Mathilde, Tina

Kumite male team 5

1. Norway Geir, Lars, Steffen
2. Sweden
3. Finland

Íslandsmeistarmót unglunga í kumite 2008.

Íslandsmeistarmót unglunga í kumite 2008 var haldið sunnudaginn 19. október í Fylkishöllinni, Árbæ og hófst kl. 10. Yfir 50 keppendur frá 9 félögum tóku þátt. Fylkir stóð uppi sem sigurveigari félaga með 19 stig.



Verðlaunahafarnir á ÍM unglinga í kumite 2008

Heildarúrslit:

Drengir 12 ára

1. Sindri Pétursson Víkingur
2. Harald Sigurvin Þorsteinsson Víkingur
3. Magnús Valur Willemsson Fjölnir
3. Hafþór Atli Ólafsson Fylkir

Drengir 13 ára

1. Vésteinn Þrymur Ólafsson KFR
2. Jovan Kujundzic KFR
3. Einar Valur Erlingsson Víkingur
3. Davíð Guðjónsson Breiðablik

Drengir 14 ára

1. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir
2. Pétur Rafn Bryde Víkingur
3. Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Heiðar Már Þráinsson Fylkir

Piltar 15 ára -63kg

1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur
2. Ragnar Eyþórsson Breiðablik
3. Hjálmar Jensen Fylkir
3. Jónas Atli Gunnarsson Fylkir

Piltar 15 ára +63kg

1. Elías Snorrason KFR
2. Eggert Ólafur Árnason Fylkir
3. Bergþór Víkar Geirsson Fylkir
3. Hörður Ingi Árnason Fjölnir

Piltar (kadett) 16-17 ára

1. Snæbjörn Valur Ólafsson KFR
2. Amar Freyr Nikulásson Breiðablik

Telpur 12-13 ára

22. Ársþing KAÍ

Karatesamband Íslands

1. Helga Kristín Ingólfssdóttir Fylkir
2. Birgitta Michaelsdóttir Fylkir
3. Eva Fejrö Kjartansdóttir KFR
3. Nína Ingólfssdóttir Víkingur

Stúlkur 14-15 ára

1. Gunnhildur Grétarsdóttir Fylkir
2. Þórunn Orradóttir Afturelding
3. Valgerður Jóhannsdóttir KAK
3. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir KFR

Stúlkur (kadett) 16-17 ára

1. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding
2. Dagný Björk Egilsdóttir KAK
3. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK
3. Elsa Mjöll Bergsteinsdóttir Þórshamar

Heildarstig félaga:

Fylkir 19
KFR 13
Víkingur 12
Breiðablik 5
Afturelding 5
KAK 4
Fjölnir 2
Þórshamar 1
Haukar 0

Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite 2008.

ÍM fullorðinna í kumite 2008 fór fram í Smáranum laugardaginn 1. nóvember og hófst kl. 13.00. Úrslit hófust um kl. 16.00 og mótinu lauk kl. 17.30.

Yfir 30 keppendur voru skráðir til leiks og var keppt í þyndarflokkum, opnum flokkum og liðakeppni. Þórunn Ýr Elíasdóttir var mótstjóri og Helgi Jóhannesson yfirdómari á mótinu.

Guðrún Óskarsdóttir, Breiðablik, sigraði þrefalt, í +61 kg flokki, opnum flokki og í liðakeppni. Andri Sveinsson, Fylki, sigraði tvöfalt, í -84 kg flokki og opnum flokki.

Breiðablik fékk flest stig félaga, 20, Haukar voru í öðru sæti og Víkingur í þriðja sæti.



Verðlaunahafarnir í lok móts.

Heildarúrslit mótsins:

Karlar -67 kg

1. Arnór Ingi Sigurðsson Haukar
2. Amar Freyr Nikulásson Breiðablik

Karlar -75 kg

1. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar
2. Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
3. Kristján Ó. Davíðsson Haukar
3. Vilhjálmur Þór Þóruson Breiðablik

Karlar - 84 kg

1. Andri Sveinsson Fylkir
2. Andri Valur Guðjohnsen Víkingur
3. Vilius Petrikas Víkingur

Karlar +84 kg

1. Pálmar Dan Einarsson Haukar
2. Diego Björn Valencia Víkingur
3. Guðfinnur Baldur Skæringsson Fjölnir
3. Hafþór Sæmundsson Fylkir

Karlar Opinn flokkur

1. Andri Sveinsson Fylkir
2. Diego Björn Valencia Víkingur
3. Andri Valur Guðjohnsen Víkingur
3. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar

Liðakeppni karla

1. Pálmar, Kristján, Guðbjartur Haukar
2. Andri Valur Guðjohnsen, Vilius Petrikas Víkingur

Konur -61 kg

1. Telma Rut Frímannsdóttir UMFA

Karatesamband Íslands

2. Jóhanna Brynjarsdóttir Fylkir
3. Kirsten Ashley Sindradóttir Þórshamar
3. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK

Konur +61 kg

1. Guðrún Óskarsdóttir Breiðablik
2. Helena Montazeri Víkingur
3. Kristín Watkins Haukar
3. Björg Jónsdóttir Breiðablik

Konur Opinn flokkur

1. Guðrún Óskarsdóttir Breiðablik
2. Helena Montazeri Víkingur
3. Kristín Watkins Haukar

Liðakeppni Kvenna

1. Björg Jónsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Bryndísa Breiðablik-A
2. Hrund og Bylgja Breiðablik-B

Heildarstig féлага

1. Breiðablik 20
2. Haukar 19
3. Víkingur 16
4. Fylkir 9
- 6-6. Afturelding 3
- 5-6. Þórshamar 3
- 6-8. Fjölnir 1
- 6-8. KAK 1

Bikarmótaröð KAÍ 2007-2008.

Bikarmótaröð vetrarins lauk í 2. febrúar með spennandi móti í Víkurskóla. Nýir bikarmeistarar voru krýndir í mótslok þau Hekla Helgadóttir og Tómas Lee Róbertsson bæði í Þórshamri og óskum við þeim innilega til hamingju með titlana!



Hekla Helgadóttir og Tómas Lee Róbertsson Bikarmeistarar KAÍ 2007-2008

Karatesamband Íslands

Niðurstaðan mótaráðarinnar var eftirfarandi, fimm stigahæstu karlar og konur:

KONUR

Nafn	félag	Stig alls	Röð
Hekla Helgadóttir	Þórshamri	42	1
Helena Montazeri	Víkingur	38	2
Björg Jónsdóttir	Breiðablik	18	3
Guðrún Óskarsdóttir	Breiðablik	18	4
Ása Katrín Bjarnadóttir	KAK	12	5

KARLAR

Nafn	félag	Stig alls	Röð
Tómas Lee Róbertsson	Þórshamar	50	1
Kristján Ó Davíðsson	Haukar	28	2
Diegó Björn Valecia	Víkingur	26	3
Pathipan Kristjánsson	Fjölnir	20	4
Andri Valur Guðjohnsen	Víkingur	16	5

Úrslit úr GrandPrix mótaröðinni 2007 - 2008.

3. og síðasta GrandPrix mótið veturinn 2007-2008 var haldið í Fylkishöllinni laugardaginn 1. maí. Mótið hófst kl. 10.00 og lauk um kl. 16.00. Um 60 keppendur tóku þátt í þessu þriðja og síðasta móti í röðinni.

Verðlaunaafhendingin var um kvöldið í sal Víkings, Víkinni, Fossvogi, og hófst kl. 20.00.

Veitt voru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hverjum flokki samkvæmt stigun sem keppendur hafa unnið sér inn á mótunum þremur. Fyrir 2. og 3. sæti var veittur verðlaunapeningur en sigurveigari hvers flokks fékk minjagrip og karatedót frá Budo Nord.

Tveir keppendur urðu tvöfaldir GrandPrix meistarar í sínum flokkum, Vésteinn Þrymur Ólafsson, KFR og Hekla Helgadóttir, Þórshamri.

Á eftir bauð KAÍ unglungunum upp á veitingar og tónlist fram eftir kvöldi.



Vinningshafarnir í samanlögðum stigum eftir þrjú mót.

Sigurveigarar í einstökum flokkum eru:

Kata barna fædd 1995: Jovan Kujundzic, KFR og Vésteinn Þrymur Ólafsson, KFR, 26 stig

Kata barna fædd 1994: Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, 26 stig

Kata táninga fædd 1993: Gunnhildur Hördís Grétarsdóttir, Fylkir, 26 stig

Kata táninga fædd 1992: Aðalheiður Rósa Harðardóttir, KAK, 30 stig

Kata kadet fædd 1991-1990: Hekla Helgadóttir, Þórshamar, 26 stig

Kumite drengja fæddir 1994-1995 léttari: Vésteinn Þrymur Ólafsson, KFR, 26 stig

Kumite drengja fæddir 1994-1995 þyngri: Guðni Hrafn Pétursson, Fylkir, 28 stig

Kumite drengja fæddir 1992-1993 léttari: Jónas Atli Gunnarsson, Fylkir, 26 stig

Kumite pilta fæddir 1992-1993 þyngri: Snæbjörn Valur Ólafsson, KFR, 25 stig

Kumite kadet pilta fæddir 1990-1991: Vilius Petrikas, Víkingur, 26 stig

Kumite stúlkna fæddar 1994-1995: Nína Ingólfssdóttir, Víkingur, 30 stig

Kumite stúlkna fæddar 1992-1993: Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, 30 stig

Kumite kadet stúlkna fæddar: 1990-1991: Hekla Helgadóttir, Þórshamar, 30 stig

KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.

Öll dómara réttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ.				
Dómarar með kumite réttindi				
Nafn	Gráða	Félag	Réttindi	Dags tekin / endurnýjuð
Helgi Jóhannesson	4. Dan	Breiðablik	EKF Judge-A	05.2007
Gunnlaugur Sigurðsson	3. Dan	Haukar	EKF Judge-B	06.2008
Jón Ingi Þorvaldsson	3. Dan	Þórshamar	A - Dómari	03.2008
Kristján Gaukur Kristjánsson	1. kyu	Fjölnir	A - Dómari	03.2008
Reinharð Reinharðsson	2. Dan	KFR	A - Dómari	05.2007
Jón Andri Sigurðsson	1. kyu	Breiðablik	A - Meðdómari	10.2008
Sigurbjörn Jónsson	1. Dan	Haukar	A - Meðdómari	05.2007
Willem Cornelis Verheul	1. Dan	Fjölnir	A - Meðdómari	03.2008
Ásgeir H. Ásgeirsson	2. kyu	Haukar	B - Meðdómari	03.2008
Birgir Páll Hjartarson	1. kyu	Breiðablik	B - Meðdómari	05.2007
Birkir Jónsson	2. Dan	Þórshamar	B - Meðdómari	03.2008
Eyþór Ragnarsson	1. Dan	Breiðablik	B - Meðdómari	05.2007
Eva Lind Ágústsdóttir	1. kyu	Haukar	B - Meðdómari	03.2008
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson	2. Dan	Haukar	B - Meðdómari	03.2008
Kristján Ó. Davíðsson	2. Dan	Haukar	B - Meðdómari	03.2008
Magnús Blöndal	1. Dan	Þórshamar	B - Meðdómari	05.2007
Pálmar Dan Einarsson	1. Dan	Haukar	B - Meðdómari	03.2008
Pétur Freyr Ragnarsson	1. Dan	Fylkir	B - Meðdómari	10.2008
Sigríður Björnsdóttir	2. kyu	Haukar	B - Meðdómari	05.2007
Tómas Árnason	1. Dan	KAK	B - Meðdómari	05.2007
Dómarar með kata réttindi				
Nafn	Gráða	Félag	Réttindi	Dags tekin / endurnýjuð
Gunnlaugur Sigurðsson	3. Dan	Haukar	EKF Judge-A	06.2008

Karatesamband Íslands

Helgi Jóhannesson	4. Dan	Breiðablik	EKF Judge-B	05.2007
Reinharð Reinharðsson	2. Dan	KFR	A-Dómari	03.2007
Magnús Kr. Eyjólfsson	2. Dan	Breiðablik	A-Dómari	12.2008
Sigurbjörn Jónsson	1. Dan	Haukar	A-Dómari	11.2008
Ágústa R. Andrésdóttir	1. kyu	KAK	B-dómari	11.2008
Birgir Páll Hjartarson	1. kyu	Breiðablik	B-dómari	03.2007
Eyþór Ragnarsson	1. Dan	Breiðablik	B-dómari	03.2007
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson	2. Dan	Haukar	B-dómari	03.2007
Jón Andri Sigurðsson	1. kyu	Breiðablik	B-dómari	03.2007
Kristján Gaukur Kristjánsson	1. kyu	Fjölnir	B-dómari	03.2007
Kristján Ó. Davíðsson	2. Dan	Haukar	B-dómari	03.2007
Matthías B. Matthíasson	3. Dan	KFR	B-dómari	11.2008
Pétur Freyr Ragnarsson	1. Dan	Fylkir	B-dómari	03.2007
Willem Cornelis Verheul	1. Dan	Fjölnir	B-dómari	03.2007

LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.
3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
 - a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
 - b) Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.
4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:
 - a) Karateþing.
 - b) Stjórn KAÍ.
5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendum, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendum fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni. Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað.
6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
 - a. Stjórn KAÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.
 - b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
 - d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
 - e. Allir nefndarmenn KAÍ.
 - f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

Karatesamband Íslands

7. gr. Aukafing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukafings skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukafingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukafingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.
8. gr. Störf karateþings eru:
1. Þingsetning.
 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
 3. Kosnar fastar nefndir:
 - a. Kjörbréfanefnd.
 - b. Fjárlaganefnd.
 - c. Laga- og leikreglnanefnd.
 - d. Allsherjarnefnd.
 - e. Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttafing.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ. Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að

Karatesamband Íslands

ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:
 - a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
 - b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
 - c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
 - d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
 - e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
 - f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
 - g) Að ráða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
 - i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateþróttarinnar í landinu.
 - j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.
11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfundir og stjórnar þeim.
12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).
13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.
14. gr. Kæror skulu vera skriflegar og skal kærnan eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærnan póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærnan ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.
15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.
16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálstan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.
17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmati karateþingi. Til þess að samþykka þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.
18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfundum ÍSÍ.
Síðast breytt á 21. Karateþingi, 9. febrúar 2008.

REGLUGERÐIR

REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglinga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr. Íslandsmeistaramót unglinga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Íslandsmeistaramót unglinga í Kata. Íslandsmeistaramót unglinga í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

Starfsfólk.

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómarar, en 4 dómarar í kumite. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglinga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglinga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglinga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

Keppnin.

7. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara og skipar þá í stöður, samræmir einkunnagjöf og gefur mönnum kost á að koma með spurningar.
8. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:
1. Kata kvenna.
 2. Kata karla.
 3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
 4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -61 kg.
2. Kumite kvenna, +61 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -60 kg.
5. Kumite karla, -67 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -84 kg.
8. Kumite karla, +84 kg
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 og 15 ára -63 kg*.
4. Kumite pilta 14 og 15 ára +63 kg*.
5. Kumite pilta 16 og 17 ára -68 kg*.
6. Kumite pilta 16 og 17 ára +68 kg*.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg*.
9. Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg*.
10. Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg*.
11. Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg*.

* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata stúlkur 12 ára.
2. Kata stúlkur 13 ára.
3. Kata stúlkur 14 ára.
4. Kata stúlkur 15 ára.
5. Kata stúlkur 16 og 17 ára.
6. Kata piltar 12 ára.
7. Kata piltar 13 ára.
8. Kata piltar 14 ára.
9. Kata piltar 15 ára.
10. Kata piltar 16 og 17 ára.

Karatesamband Íslands

11. Hópkata táninga 12 og 13 ára.
12. Hópkata táninga 14 og 15 ára.
13. Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Íslandsmeistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 8 ára og yngri.
2. Kata barna 9 ára.
3. Kata barna 10 ára.
4. Kata krakka 11 ára.
5. Hópkata krakka 9 ára og yngri.
6. Hópkata krakka 10 ára og 11 ára.

Á Íslandsmeistaramótum barna og unglunga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglíngamótið í fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miða skal við fæðingarár.

9. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun fyrir 3-4 sæti. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar, sem viðkomandi félag hlýtur til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum í röð eða átta sinnum alls. Á Íslandsmeistaramótum barna og unglunga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.
10. gr. Á Íslandsmeistaramótum fullorðinna í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá [viðauka yfir kata](#) viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka kata úr þeirri umferð í seinni umferðum. Á Íslandsmeistaramóti unglunga í kata skal í flokki kadetta (14-15 ára) og juniora (16-17 ára) sýna 3 mismunandi kata. Endurtaka má þær aftur ef fjöldi umferða kallar á það en þó verður að sýna nýja kata í hverri umferð. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Dómarar í úrslitum skulu ávallt vera fimm og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.
11. gr. Á kumitemótunum skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír, skulu þó allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem síðast töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.
12. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

Kærur, fundir, úrslit & skýrslur.

13. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.
14. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kærانlegar til viðkomandi héraðsdómstóls í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.
15. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.
16. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.
17. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.
18. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.
19. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.
20. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

Félagaskipti.

21. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1.

Karatesamband Íslands

september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Réttindi karatedómara.

22. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Nefndin skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.

Síðast breytt á 21. Karateþingi 9. febrúar 2008.

REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.
2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 6 stig fyrir annað sæti og 4 stig fyrir tvö þriðjasæti. Aðrir keppendur fái 1 stig fyrir þátttöku. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.
3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.
4. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt á 21. Karateþingi 9. febrúar 2007

REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.

Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Grand Prix mótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglunga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár í upphafi keppnistímabils.
 2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:
 1. Kumite drengja 12 ára.
 2. Kumite drengja 13 ára.
 3. Kumite pilta 14 ára.
 4. Kumite pilta 15 ára.
 5. Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára.
 6. Kumite telpna 12 og 13 ára.
 7. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
 8. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
 9. Kata barna 12 ára.
 10. Kata táninga 13 ára.
 11. Kata táninga 14 ára.
 12. Kata táninga 15 ára.
 13. Kata kadetta 16 og 17 ára.
 3. gr. Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaráðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaraðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár, gráðu, þyngd og hæð. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokkum innan t.d. tveggja ára.
 4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti, 3 stig fyrir fimmta og sjötta sæti, 1 stig fyrir sjöunda og áttunda sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppinnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.
 5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakramóta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
 6. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.
- Samþykkt á 20. Ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007

REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.

Karatesamband Íslands

2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mót sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mót sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan 1 mánaðar frá umræddu broti annars telst það fyrnt.
3. gr. Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. Birta skal úrskurð nefndarinnar innan 1 mánaðar frá því að kæra berst formanni nefndarinnar.
4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.
5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþrótt- og Ólympíusamtaka Íslands.
6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflytning ef sérstök ástæða er til.
7. gr. Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
 - 7.1 Óþrúðmannleg hegðun á karatemóti.
 - 7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
 - 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun.
 - 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
 - 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
8. gr. Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
 - 8.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 7.1 - 7.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
 - 8.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
 - 8.3 Ef dómaranefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
 - 8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.
9. gr. Brot félagsliða (eða sveita):

Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.

Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).
10. gr. Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Formlegan fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt á 20. ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007

VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ

Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum:	10.000 kr
Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mót:	15.000 kr auk flutningskostnaðar
Lán á keppnisklukkum, flöggum, hlífum osfrv.:	0 kr
Lán á sjúkratösku:	Ekki lánuð
Mótagjöld veturinn 2008 - 2009	Einstakl. - Lið
ÍM Barna	1.000 kr - 1.000 kr
ÍM Unglinga	1.500 kr - 1.500 kr
ÍM Fullorðinna	2.500 kr - 3.500 kr
GrandPrix mót	1.000 kr hvert mót
Bikarmót	1.000 kr hvert mót
Sektir veturinn 2008 - 2009	
Vantar réttindadómara / aukadómara á mót	10.000 kr / 5.000 kr
Vantar starfsmann á mót	5.000 kr
Vantar yfirlíðstjóra á mót	5.000 kr
* Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags	

Samþykkt á 21. ársþingi KAÍ 2008

REKSTRARREIKNINGUR 1/1/2008 - 31/12/2008

Tekjur		Skýring	1/1-31/12/08	1/1-31/12/07	breyting %
11000	Framlög og styrkir		4.479.437	3.507.877	27,7%
22000	Árgjöld aðildarféлага		310.800	279.800	11,1%
15000	Tekjur af mótum	1	755.000	520.200	45,1%
	Aðrar tekjur	2	226.051	142.550	
Tekjur alls			5.771.288	4.450.427	29,7%
Gjöld					
37000	Áhöld og tæki	3	327.153	227.967	43,5%
41000	Ferðakostn. Innanlands	4	0	67.000	
42000	Ferðakostn. erlendis	4	2.674.107	1.545.382	73,0%
43000	Annar þáttökukostn.	4	124.173	76.798	61,7%
45000	Kostnaður við mótahald	1	737.532	792.714	-7,0%
46121	Kostnaður við NM 2008	2	1.061.625		
48000	Skrifstofuleiga hjá ÍSÍ	5	141.276	128.340	10,1%
53000	Rekstur skrifstofu	5	93.777	182.623	-48,6%
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	6	812.434	919.053	-11,6%
65000	Önnur gjöld	7	49.115	316.935	-84,5%
70000	Erlend samskipti	8	273.336	153.913	77,6%
Rekstrargjöld alls			6.294.528	4.410.725	42,7%
Hagnaður/Tap f. afskriftir			-523.240	39.702	-1417,9%
Fjármagnstekjur			66.331	77.415	-14,3%
Afskriftir alls			0	0	
Hagnaður/Tap			-456.909	117.117	-490,1%

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2008
Reykjavík, 28. febrúar 2009

Kristján Gaukur Kristjánsson, bókarí KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning			
1	Tekjur af mótum		
	ÍM-Barna	212.000	
	UM-Kata	102.000	
	ÍM-Kata	87.000	
	Grand Prix	165.500	
	UM-Kumite	88.500	
	ÍM-Kumite	73.000	
	Bikarmót	27.000	
	Annað		
		755.000	-737.532
			17.468,00
2	Aðrar tekjur		
	NM 2008 þáttökugjöld	226.051	
		226.051	-1.061.625
			-835.574,00

Karatesamband Íslands

3	<i>Áhöld og tæki</i>	
	Hnífur/sax Griffill (v/NM)	-11.625
	KAÍ mótabolir og áprentanir	-88.498
	Karatevörur fyrir landslið	-227.050
		-327.173
4	<i>Ferðir erlendis og innanlands</i>	
	Pakkaferðir	-1.525.749
	Flug	-842.102
	Gisting	-176.069
	Uppihald	-130.187
	Þátttökugjöld	-124.173
		-2.798.280
5	<i>Skrifstofa</i>	
	Skrifstofuleiga ÍSÍ	-141.276
	Veitingar	-76.923
	Skrifstofa	-16.854
		-235.053
6	<i>Kynning, fræðsla , útbreyðsla</i>	
	Landsl.æfing	-415.650
	Dómaranám	-337.735
	Dómarafatastyrkur NM	-47.619
	Undirbúningsfundir vegna NM	-11.430
		-812.434
7	<i>Önnur gjöld</i>	
	Karatedagurinn	-48.003
	Bankakostnaður	-1.112
		-49.115
8	<i>Erlend samskipti</i>	
	WKF	-73.903
	EKF	-74.528
	EKF-þing í Tallin	-124.905
		-273.336

EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2008

EIGNIR	31.12.2008
87000 Inneign hjá ÍSí v/Lottó+útbr.	809.231
87000 Skuldir félaga	317.000
87000 Ofgreidd mótagjöld	-2.500
<i>Skammtímakröfur alls</i>	1.123.731
88000 <i>Handbært fé</i>	
88200 Tékkareikningur 0515-26-5103	20.495
88201 Sparireikningur 0515-14-104863	127.922
88201 Sparireikningur 0515-14-613366	4.180
<i>Handbært fé alls</i>	152.597
89999 Eignir alls	1.276.328
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
91000 Eigið fé 31/12/07	1.505.104
Hagnaður/tap	-456.909
Eigið fé 31/12/08	1.048.195
92003 Skammtímaskuldir	228.133
99999 Skuldir og eigið fé alls	1.276.328

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugasvert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 28. febrúar 2009

Indriði Jónsson

Helgi Jóhannesson

